

# *Þrjú strengjatrío*

Hlíf Sigurjónsdóttir


fiðla

Martin Frewer

víóla

Þórdís Gerður Jónsdóttir

selló



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
þriðjudaginn 9. maí 2023 kl. 20:00

Þau þrjú stengjatrío sem heyra má í kvöld eru afar ólík og frá mismunandi tímum. *Divertimento í Es Dúr* eftir Mozart er klassískt verk, samið 1788 seint á æviferli tónskáldsins og *Serenade* eftir ungverska tónskáldið Ernst von Dohnányi frá 1902 er í rómantískum stíl. Alexander Liebermann samdi nútímaverkið *Seen from the Sky – Séð af himni ofan* árið 2021 undir áhrifum tékkneska tónskáldsins Erwin Schulhoff og var það frumflutt á Íslandi af sömu flytjendum á Schulhoff hátíð sem haldin var í Listasafni Sigurjóns 24. júlí 2022.

## *Efnisskrá*

Ernst von Dohnányi  
1877–1960

### *Serenade ópus 10*

Marcia  
Romanza  
Scherzo  
Tema con variazioni  
Rondo

Alexander Liebermann  
f. 1989

### *Séð að himni ofan*

Wolfgang A. Mozart  
1756–1791

### Divertimento í Es dúr K 563

Allegro  
Adagio  
Menuetto, allegretto  
Andante  
Menuetto, allegretto  
Allegro

**Hlíf Sigurjónsdóttir** nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff. Hún hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum beggja vegna Atlantshafsins, leikið inn á geisladiska, meðal annars allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach. Hafa diskar hennar hlotið einróma lof gagnrýnenda.

Hlíf er annt um íslenska menningu og sögu klassískrar tónlistar á Íslandi. Hún hefur flutt útvarpserindi, haldið tónleika með sögulegu efni, bæði í eigin flutningi og með gömlum upptökum úr fórum RÚV. Árið 2020 stóð hún fyrir útgáfu geisladisksins *Sagan í tónum* með fiðluleik Björns Ólafssonar konsertmeistara.

**Martin Frewer** er fæddur í Englandi, stundaði stærðfræðinám í Oxford háskólanum og útskrifaðist þaðan, en sótti jafnframt fiðlutíma hjá Yfrah Neaman. Hann hélt fiðlunámi áfram í Guildhall School of Music & Drama í London og þá einnig víólunámi hjá Nannie Jaimeson. Síðan þá hefur Martin sótt tíma og tekið þátt í opnum kennslustundum hjá þekktum strengjaleikurum eins og Igor Ozim, Martin Loveday og Eric Gruenberg.

Árið 1983 var Martin ráðinn til starfa hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur búið hér síðan. Hann starfar nú sem hugbúnaðarverkfræðingur og er lausráðinn hjá Sinfóníuhljómsveitinni. Hann er mjög laginn útsetjari og stofnandi og leiðtogi kammersveitarinnar Spiccato.

**Þórdís Gerður Jónsdóttir** sellóleikari leikur jöfnum höndum sígilda tónlist og jazz. Sígildan sellóleik nam hún við Listaháskóla Íslands á árunum 2014 – 17 og í Det jyske Musikkonservatorium í Árósum, en þaðan lauk hún meistaragráðu sumarið 2021. Þórdís lauk burtfararprófi frá jazzdeild Tónlistarskóla FÍH vorið 2015 en í náminu lagði hún áherslu á spuna og tónsmíðar. Þórdís er stofnmeðlimur kammerhópsins Cauda Collective og kemur víða fram sem sellóleikari. Hún gaf út hljómplötuna *Vistir* með hennar eigin tónsmíðum og útsetningum vorið 2021.

Árið 2014 lauk Þórdís námi í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og viðbótardiplómu í lýðheilsuvísindum vorið 2019. Hún starfar á Bráðamóttöku Barnaspítala Hringins á milli tónleika.

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana*